



Borgarráð

Tillaga að rammaúthlutun 2020

Lagt er til að eftirfarandi fjárhagsrammar verði samþykktir fyrir svið borgarinnar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020:

Tafla 1: Fjárhagsrammar fagsviða Aðalsjóðs og Eignasjóðs .

Aðalsjóður	Upprunaleg áætlun 2019	Viðbætur	Rammi 2020
Íþróttá- og tómstundasvið (ÍTR)	8.224.583	223.669	8.448.252
Menningar- og ferðamálasvið (MOF)	4.962.190	229.726	5.191.916
Kjarnasvið og skrifstofur miðlægrar stjórnslu	4.611.468	43.944	4.655.412
Skóla- og frístundasvið (SFS)	50.842.276	603.989	51.446.265
Umhverfis- og skipulagssvið (USK)	7.576.100	115.036	7.691.137
Velferðarsvið (VEL)	23.411.946	955.184	24.367.130
Rammaúthlutun 2019	99.628.563	2.171.548	101.800.111

Eignasjóður	Upprunaleg áætlun 2019	Viðbætur	Rammi 2020
Staða fyrir afskriftir og fjármagnsliði			
Tekjur	-28.401.947	-520.948	-28.922.895
Laun- og launatengd gjöld	2.024.311	-20.243	2.004.068
Annar rekstrarkostnaður	8.812.743	766.968	9.579.711
Nettó fyrir afskriftir og fjárm.liði	-17.564.893	225.777	-17.339.116

Jafnframt er lagt til að borgarráð feli fagsviðum og miðlægum skrifstofum að hefja vinnu við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og næstu fimm ára.

Greinargerð

Forsendur rammaúthlutunar vegna ársins 2020 eru eftirfarandi:

1. Gjaldskrár:

- 1.1. Gjaldskrár vegna þjónustugjalda hækki um 2,5% sem er í samræmi við yfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga í tengslum við lífsskjarasamninga dags. 3. apríl 2019.
- 1.2. Gjaldskrár á umhverfis- og skipulagssviði endurspeglir raunkostnað í samræmi við lög.

- 1.3. Innri leiga hækkir um 3,2% á milli ára í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar. Tekið verði tillit til raunþróunar verðlags árið 2019 á móti gildandi áætlun ársins.
- 1.4. Gjaldskrár upplýsingatæknideildar (UTD) taki sömu breytingum og meginlínur rammaúthlutunar gera ráð fyrir, þ.e. taki mið af launahækkunum þegar þær liggja fyrir, verðbótum á annan rekstrarkostnað og hagræðingarkröfu.

2. Útgjöld:

- 2.1. Launakostnaður: Allir kjarasamningar starfsmanna Reykjavíkurborgar eru lausir eða losna í lok júní 2019. Samningar liggja ekki fyrir. Gert er ráð fyrir að launahækkanir vegna nýrra kjarasamninga 2019 leiði til endurskoðunar á fjárheimildum.
- 2.2. Verðbætur á annan rekstrarkostnað: Gert er ráð fyrir að verðbætur komi á annan rekstrarkostnað í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar um 3,2% hækkun á vísitölu neysluverðs.
- 2.3. Hagræðing: Gert er ráð fyrir hagræðingu sem 1% af launakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði. Hagræðing er reiknuð á fjárheimildir sem fyrir eru í ramma sviða og jafnframt á fjárheimildir vegna launa og annars rekstrarkostnaðar sem bætast við í ramma. Ekki er reiknuð hagræðing á innri leigu.
- 2.4. Innri leiga: Gert er ráð fyrir að aukning á innri leigu og verðbætur, 3,2%, komi í ramma. Fjármála- og áhættustýringarsviði er falið að taka saman upplýsingar um breytingar á innri leigu vegna ársins 2020. Gert er ráð fyrir að verðlags- og magnáhrif vegna leigu samgöngumannvirkja verði bætt með sama hætti.
- 2.5. Við rammaúthlutun hefur verið tekið tillit til áætlaðrar fjölgunar eða fækkunar nemenda í grunnskólum, leikskólum og frístundaheimilum eins og hún stóð að vori. Fyrir afgreiðslu frumvarps verður miðað við áætlaða stöðu eins og hún verður 1. okt. nk. Ekki er gert ráð fyrir breytingum sem kunna að verða á haustönn 2019 gagnvart grunnskólum og frístundaheimilum heldur komi fjárheimildir til endurskoðunar á árinu 2019. Úthlutun fjárheimilda til grunnskóla gerir ráð fyrir að fjölgun um 242 börn og fjöldinn verði 14.455 í borgarreknum grunnskólum. Úthlutun til leikskólahluta gerir ráð fyrir að barnafjöldi í borgarreknum leikskólum verði 5.614 á vorönn og 5.792 á haustönn árið 2020 og barnafjöldi í einkareknum leikskólum verði 1.205 á vor- og haustönn. Úthlutun til frístundaheimila gerir ráð fyrir 4.178 börnum eða fækkun um 101 barn.
- 2.6. Gert er ráð fyrir breytingum á fjárhagsrömmum vegna skuldbindinga sem þegar liggja fyrir og brýnna verkefna fagsviða, sjá nánari útfærslu í töflum 2-8.
- 2.7. Til upplýsinga má geta þess að unnið er að endurskoðun á úthlutunarlíkani grunnskóla, þar með talið á úthlutun fjárheimilda til sérkennslu og stuðnings. Endurskoðunin getur leitt til breytinga á fjárheimildum skóla- og frístundasviðs áður en frumvarp að fjárhagsáætlun verður lagt fram.
- 2.8. Gert er ráð fyrir að nýju kjarnasviði mannauðs- og starfsumhverfis verði falið að taka aukin útgjöld vegna langtímaveikinda til rýningar með sérstaka áherslu á skóla- og frístundasvið og leita leiða til úrræða og aðgerða með það að markmiði að draga úr óhagstæðri þróun.
- 2.9. Við rammaúthlutun er ekki ráðstafað til Velferðarsviðs vegna bundinna liða, fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings en gert verður ráð fyrir fjármagni

vegna þessara liða við framlagningu frumvarps.

- 2.10. Unnið er að nánari útfærslu á ábyrgðarsviðum nýrra kjarnasviða, þ.e. fjármála- og áhættustýringarsviðs, mannauðs- og starfsþróunarsviðs og þjónustu og nýsköpunarsviðs. Áherslur sviðanna í rekstri og þjónustu verða teknar til sérstakrar skoðunar áður en frumvarp að fjárhagsáætlun verður lagt fram og áhrif á fjárheimildir metin.

Stefnt er að því að virkja áfram á næsta ári ákvæði reglna um gerð fjárhagsáætlunar varðandi yfirfærslu á afgangi/halla á milli ára. Þetta gerir kröfu um að fagsviðin skili nákvæmri útfærslu á forsendum tekna og útgjalda, magni og einingaverðum, fyrir alla þjónustupætti við endanleg skil á drögum að fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.

Næstu skref við undirbúning fjárhagsáætlunar 2020 felast í því að sviðsstjórar og skrifstofustjórar miðlægra skrifstofa undirbúa tillögu til borgarstjóra að fjárhags- og starfsáætlun til næsta árs og næstu fimm ára. Fagráð rýna og skoða hvort tilefni er til að breyta forgangsröðun og áherslum í ljósi þessarar rammaúthlutunar.

Skilafrestur sviða á drögum að fjárhagsáætlun ársins 2020 er 20. september nk. Gert er ráð fyrir að frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar vegna ársins 2020 og fimm ára áætlun vegna árána 2020-2024 verði lagt fram í borgarstjórn þriðjudaginn 5. nóvember nk. og afgangi úr borgarstjórn eftir síðari umræðu þriðjudaginn 3. desember 2019.

Sjá nánari útfærslu fjárheimilda fyrir hvert svið í hjálögðum viðauka.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Viðauki - nánari útfærsla á römmum sviða.

VIÐAUKI:

Nánari útfærsla á römmum sviða er eftirfarandi:

Tafla 1: Íþrótt- og tómstundasvið

Íþrótt- og tómstundasvið (ÍTR)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2019	8.224.583
Verðbætur á innri leigu	90.544
Verðbætur á annan rekstrarkostnað	147.340
Hagræðing 1% á laun og annan rekstrarkostnað	-72.164
Sundlaug í Úlfarsárdal- Innlaug v/skólasund 2020. Opnar fyrir almenning 2021	30.000
Orkukostnaður aukinn afsáttur v/verkefna í almanna þágu	-18.000
Skíðasvæðin viðbótar rekstrarkostnaður vegna framkvæmda í Bláfjöllum	3.300
Samningur við ÍBR vegna viðbótartíma í Skautahöllinni	5.000
Gervigrasvöllur Víkingur upphitun á velli og lýsing fyrir 6 mániði ársins.	6.000
Fram samningur frá júlí 2017	20.000
Knatthús í Breiðholti - ÍR	5.000
Hækkun á leigusamning um Egilshöll	6.650
	0
Rammaúthlutun 2020	8.448.252

Tafla 2: Menningar- og ferðamálasvið

Menningar- og ferðamálasvið (MOF)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2019	4.962.190
Verðbætur á innri leigu	30.917
Verðbætur á annan rekstrarkostnað	93.779
Hagræðing 1% á laun og annan rekstrarkostnað	-46.892
Bókasafn- og menningarmiðstöð í Úlfarsárdal. Tilbúið upp úr miðju ári 2020	34.800
Ný sýning í Borgarsögusafni Aðalstræti 10	18.732
Eimreiðarskýli á Árbæjarsafni. Rekstrarkostnaður, þ.e. rafmagn, hiti, þrif	600
Rekstur og eftirlit á útilistaverkinu Fyssu	1.750
EFA - Evrópsku kvikmyndaverðlaunin í Hörpu 2020, samstarfsverkefni ríkis og borgar	96.041
	0
Rammaúthlutun 2020	5.191.916

Tafla 3: Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu

Kjarnasvið (FÁST, ÞON, MOS) og skrifst. miðl. stjórnsýslu (RHS)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2019	4.611.468
Verðbætur á innri leigu	30.951
Verðbætur á annan rekstrarkostnað	47.635
Hagræðing 1% á laun og annan rekstrarkostnað	-49.152
MAR - Launakostnaður öldungaráðs	760
MAR - Rekstur sköpunartorgs	2.500
SBB - Vestnorræni höfuðborgarstjóðurinn	1.000
SBB - Forystunám Reykjavíkurborgar	4.750
SBB - Jafnlaunastaðall	3.000
SPR - Workplace	2.500
	0
Rammaúthlutun 2020	4.655.412

Tafla 4: Skóla- og frístundasvið

Skóla- og frístundasvið (SFS)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2019	50.842.276
Verðbætur á innri leigu	284.455
Verðbætur á annan rekstrarkostnað	324.577
Hagræðing 1% á laun og annan rekstrarkostnað	-469.342
Grunnskóli - breyting á fjölda barna	193.694
Leikskóli - breyting á fjölda barna	16.614
Leikskóli - breyting, sjálfstætt starfandi leikskólar	28.208
Frístundastarf - breyting á barnafjölda	-18.315
Klettaskóli - fjölgun barna grunnskóli	10.000
Klettaskóli - fjölgun barna frístund	8.535
Dalskóli, nýr skóli, starfsmenn og búnaður vegna félagsmiðstöðvar.	9.476
Aukin framliög í íslensku2 sbr. samþykkt borgarstjórnar 16. okt 2018	35.300
Sjálfstætt starfandi frístundaheimili	37.800
Eitt námsgjald þvert á skólastig	25.096
Sumaropnun leikskóla	7.007
Móttökumiðstöð og aðlögun innflytjenda, flóttafólk og hælisleitenda	38.322
Breyting á barngildi úr 0,9 í 1,0 vegna 5 ára barna	62.563
Sjálfstætt starfandi leikskólar, afleidd áhrif	10.000
	0
Rammaúthlutun 2020	51.446.265

Tafla 5: Umhverfis- og skipulagssvið

Umhverfis- og skipulagssvið (USK)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2019	7.576.100
Verðbætur á innri leigu	18.137
Verðbætur á annan rekstrarkostnað	71.248
Hagræðing 1% á laun og annan rekstrarkostnað	-49.348
Loflagsstefna Reykjavíkurborgar um kolefnishlutleysi	5.000
Kirkjugarðar Reykjavíkur - skylda til að láta í té ókeypis grafartækt kirkjugarðastæði	25.000
Sjóður fyrir fjöleignarhús til að koma upp hleðslustöðvum fyrir rafbíla - samningur OR og Rvk.	20.000
Stöðugildi sérfræðings í gerða kostnaðaráætlana og skilamata	0
Snjóhreinun gatna - aukin viðvera verktaka skv. samningi um akstur Strætó á kvöldin og um helgar	9.000
Auknar kröfur um viðbúnað vegna mats á hryðjuverkaógn frá 2018 - auknar götulokanir	6.000
Rekstur hleðslustöðva	2.000
Aðgerðaráætlun í úrgangsmálum - móttökustöð fyrir óvirkan úrgang	8.000
	0
Rammaúthlutun 2020	7.691.137

Tafla 6: Velferðarsvið

Velferðarsvið (VEL)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2019	23.411.946
Verðbætur á innri leigu	43.698
Verðbætur á annan rekstrarkostnað	337.708
Hagræðing 1% á laun og annan rekstrarkostnað	-280.286
Vinnumiðuð stoðþjónusta - uppbygging og nýliðun	43.584
Niðurlagning herbergjasambýla	17.121
Stækkun leigurýmis í þjónustu (Hrafnista Sléttuvegi)	5.873
Fjölgun notenda í félagslegri heimaþjónustu	52.214
Endurhæfing í heimahúsi	56.800
VOR teymi, þjónusta við utangarðsfólk [Aðgerð B1-3]	10.700
Uppbyggingaráætlun í sértækum húsnæðisúrræðum	170.359
NPA: Aðstoð fjölgun samninga og kjarabætur	89.120
Innleiðing þjónustustefnu og rafræn þjónusta	36.490
Samstarfsnet	75.500
Hamarskot samningur	75.225
Greiðslur vistgreiðsla Barnaverndar Reykjavíkur	221.078
	0
Rammaúthlutun 2020	24.367.130

Tafla 8: Eignasjóður

Eignasjóður (ES) - staða fyrir afskriftir og fjármagnsliði	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2019	-17.564.893
Verðbætur á innri leigu	-517.224
Verðbætur á annan rekstrarkostnað	174.530
Hagræðing 1% á laun og annan rekstrarkostnað	-76.529
Viðhald fasteigna	300.000
Viðhald fasteigna - fært af fjárfestingu	200.000
Orlofskuldbinding hækkun	20.000
Færanlegar kennslustofur	125.000
	0
Rammaúthlutun 2020	-17.339.116